

**Mál nr. 331/2011****M****og****Vátryggingafélagið X v/A****og****Vátryggingafélagið Y v/B****Umferðaróhöpp 19.07. 2009 og 16.11. 2009, ágreiningur um orsakatengsl.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.08. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.08. 2011.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 01.09. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Ágreiningur er um afleiðingar þeirra umferðaróhappa sem að ofan greinir.

Vátryggingafélag A hafnar bótaskyldu. Það telur að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi hlotið eymsli sem lýst er í vottorði læknis í árekstrinum sem varð 19.07. 2009 sbr. nánar umfjöllun félagsins í bréf til nefndarinnar. Orsakatengsl séu ósönnuð. Fram kemur að “ályktanir aftur í tímann sem ekki styðjast við samtímagögn geta ekki verið annað en getgátur og langt frá því að veita fullnægjandi sönnun...”

Vátryggingafélag B hafnar bótaskyldu. Það telur að M hafi ekki sýnt fram á orsakatengsl þeirra líkamsmeiðsla sem M telur sig hafa orðið fyrir í umferðaróhappi 16.11. 2009 sbr. umfjöllun félagsins í bréfi til nefndarinnar.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir. M hefur ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu milli meiðsla hans og umræddra umferðaróhappa.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 22. september 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.